

## Örugg matvæli – allra hagur!



**Kartöflur** Skilyt er að merkja upprunaland á umbúðir fersks grænmetis.

# Upprunamerkingar matvæla

Í haust voru settar reglur sem gera skylt að gefa upplýsingar um upprunaland ferskra matjurta sem dreift er til neytenda, veitingahúsa og mótuneyta. Breyting var þá gerð á reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla þannig að nú þarf að merkja upprunaland á umbúðir fersks grænmetis og annarra ferskra matjurta, þó ekki ávaxta. Þegar ferskum matjurtum er dreift án umbúða eða seljandi pakkar þeim á sölustað eiga upplýsingar um upprunaland að vera sýnilegar þar sem varan er í boði. Framleiðandi sem dreifir ferskum matjurtum milliliðalaust til neytenda þarf ekki að merkja þær með upprunalandi.

Almennar reglur um upprunamerkingar matvæla eru í fyrrennfndri reglugerð um merkingu matvæla. Sú reglugerð gildir um öll matvæli og er í samræmi við reglur á Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt henni er eingöngu skylt að merkja uppruna eða framleiðslu-land ef það gæti verið villandi fyrir neytendur að hafa ekki þær upplýsingar. Krafan um upprunamerkingu ferskra matjurta er því ít- arlegri en almennt gildir um matvæli. Það má hins vegar merkja öll matvæli með upprunalandi eða héraði. Mikilvægt er að upprunamerking sé ekki villandi, t.d. þegar vinnsla eða þökkun fer fram í

öðru landi en hráefni eru upprunnin í.

Það hefur sýnt sig að neytendur vilja fá upplýsingar um uppruna við val á matvælum. Margar ástæður liggja að baki, s.s. einkenni vöru, bragð, dýravelferðarsjónarmið, umhverfissjónarmið vegna flutninga og stuðningur eða andstaða við ákveðin ríki eða svæði. Einnig telja neytendur að það geti skipt máli vegna öryggis matvæla.

Auknar kröfur verða á næstunni gerðar um rekjanleika matvæla. Matvælafræðingur þurfa þá, auk þess að merkja vörur með ábyrgðaraðila vörunnar og framleiðslulotu og dagsetningu, að halda skrár um næsta lið á undan (birgja) og næsta lið á eftir (kaupanda) í þeirra keðju matvælafræðingja sem matvæli fara um frá frumframleiðslu til neytenda. Þetta er öryggisatriði og nauðsynlegt þegar rekja þarf dreifingu ákveðinna matvæla vegna galla eða ef innkalla þarf matvæli. Þetta er ótengt því hvaða upplýsingar eru gefnar til neytenda um uppruna.

Fjallað verður um upprunamerkingar matvæla á opnum fræðslufundi Matvælastofnunar þriðjudaginn 24. nóvember, kl. 15-16, í umdæmisskrifstofu stofnunarinnar að Stórhöfða 23, Reykjavík. Sjá [www.mast.is](http://www.mast.is).

**Jónína Þ. Stefánsdóttir,**  
matvælafræðingur  
hjá Matvælastofnun.